

Starfsleyfi

Rafpolering ehf.

Kt: 420207-0930

Leyfi til að starfrækja: Yfirborðsmeðhöndlun á málum

Aðsetur starfsemina: Stapahraun 3, Hafnarfjörður

Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis veitir umbeðið leyfi samkvæmt ákvæðum gr. 6 í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og með vísun í 9. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, með síðari breytingum.

Leyfið gildir frá 1. mars 2010 til 28. febrúar 2022

Leyfið er gefið út með skilyrðum um að ákvæðum gildandi laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnamál hverju sinni sé fylgt.

Gildissvið

Leyfið tekur til reksturs verkstæðis til yfirborðsmeðhöndlunar á málum (rafoxun á málum) sbr. ákvæði 9. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, með síðari breytingum, sbr. og lið 1.7 um meðferð og húðun málma og lið 1.10 yfirborðsmeðhöndlun með rafgreiningu eða efnafræðilegum aðferðum í fylgiskjali 2 við sömu reglugerð.

Almennar kröfur

Við reksturinn ber að fylgja ákvæðum í:

- IV. kafla reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 er fjallar um húsnæði og lóðir,
- III. kafla reglugerðar um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003, þar sem fjallað er um að draga úr myndun alls úrgangs, meðferð, geymslu og flutning hans í söfnunar- og móttökustöðvar til förgunar ásamt þrifnað lóðar,
- Auglýsing nr. 582/2000 um almenn skilyrði vegna mengunarvarna,
- Starfsfólk skal hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustaðnum.

Kröfur er varða mengunarvarnir

13. og 16. gr. regl. nr. 785/1999 er varðar bestu fáanlega tækni í mengunarvörnum,
- Afsog skal vera frá vinnslurými. Tryggt skal að útblástur frá fyrirtækinu skaði ekki eða valdi nágrönum eða nálægri starfsemi óþægindum,
- Öll efnaböð skulu hlutleysast áður en þau eru tæmt í fráveitulagnir sveitarfélagsins.

Spilliefni, skráningar og innra eftirlit

- Óheimilt er að blanda hættulegum efnaúrgangi saman við annan úrgang eða losa hann í fráveitu,
- Botnfalli og fastefnum sem er í efnaböðum skal safna og skila sem spilliefnum til endurvinnslustöðvar, móttökustöðvar eða flutningsaðila,



- *****
3. Fyrirtækið skal halda eftir staðfestu vottorði, þar sem fram kemur magn (kg, l), flokkun og gerð úrgangs, er það afhendir hættulegan efnaúrgang til endurvinnslustöðvar, móttökustöðvar eða flutningsaðila. Vottorð þessi skulu geymd í a.m.k. 4. ár og liggja frammi við eftirlit í fyrirtækinu,
 4. Fyrirtækið skal halda dagbók þar sem jafnóðum er skráð:
 - a. Magn (kg, l) og gerð hættulegs efnaúrgangs (spilliefni) sem skilað hefur verið til móttökustöðvar eða flutningsaðila,
 - b. Atvik er varða mengun og mengunarvarnir fyrirtækisins, s.s. bilanir á vélum, óhöpp eða slys.

Um eftirlit fer samkvæmt ákvæðum IV. kafla reglugerðar um mengunarvarnaeftirlit nr. 786/1999. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Eintök af starfsleyfisskilyrðum skulu ávallt tiltæk á vinnustað. Heilbrigðisnefnd getur endurskoðað starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða skaðleg áhrif á umhverfi sem ekki voru ljós fyrir. Sama gildir ef fram koma almennar kröfur eða ný tækni er leiðir til bættra mengunarvarna.

Starfsleyfið er bundið kennitölu og ofangreindu aðsetri starfseminnar. Við flutning fyrirtækisins fellur leyfið úr gildi. Rekstraraðila ber að veita heilbrigðisnefnd upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á starfsemi sem varðað geta ákvæði starfsleyfis með hæfilegum fyrirvara. Taki nýr rekstraraðili við starfseminni er heimilt að fenginni umsókn, að færa starfsleyfið á nýjan rekstraraðila án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi enda verði engin önnur breyting á starfseminni.

Heilbrigðisnefnd Hafnarfjörðar- og Kópavogssvæðis


